

Reykjavík 1. janúar 2019
393. mál

Til Velferðarnefndar Alþingis.

Mér undirrituðum, Guðmundi Erni Ragnarssyni, presti og forstöðumanni Samfélags trúaðra, barst erindi yðar dags. 13. desember 2018, um að rita umsögn um Frumvarp til laga um þungunarrof.

Frumvarpið kemur frá heilbrigðisráðherra, Svandísi Svavarsdóttur og er auðkennt sem Þingskjal 521 - 393. mál. Stjórnarfrumvarp á 149. löggjafarþing 2018–2019.

Ég legg til að heiti frumvarpsins og inntak taki verulegum breytingum og verði þannig:

Frumvarp til laga um algjört bann við drápum barna í móðurkviði.

1. gr.

Ekki leyfist að taka af lífi nokkra manneskju hvort heldur hún er í móðurlífi eða utan þess.

2. gr.

Lög um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir, sem tóku gildi 11. júní 1975, taki breytingum til samræmis við 1. gr.

Markmið.

Að allir menn hafi jafnan rétt til lífs frammi fyrir lögum landsins og að Heilbrigðiskerfi þjóðarinnar sé notað til að hlúa að mannlegu lífi og heilsu manna en ekki til að lífláta borgarana. Þannig verði kerfið heilbrigt.

Viðurlög.

Um brot gegn ákvæðum laga þessara fer samkvæmt almennum hegningarlögum og lögum um heilbrigðisstarfsmenn, eftir því sem við á.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. febrúar 2019.

Með kveðju og ósk um velfarnað,
Guðmundur Örn Ragnarsson, prestur og forstöðumaður Samfélags trúaðra